

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/2106**  
**komudagur 23.4.2004**



**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

20. apríl 2004  
Skjalanúmer: 01  
Tilvísun: UST20040400254/KG

### **Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849.

Nokkur umfjöllun hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um kosti og galla díselbifreiða og hvort hvetja eigi til aukins hluta þeirra á kostnað bensínknúinna bifreiða.

Umhverfisstofnun benda á eftirfarandi varðandi mun á mengun frá díselknúnum og bensínknúnum bifreiðum miðað við akstur sömu vegalengdar, sbr. og umfjöllun í VI. kafla greinargerðar með frumvarpinu:

- Díselknúnar bifreiðar eyða talsvert minna eldsneyti miðað við sambærilega vélarstærð.
- Díselknúnar bifreiðar losa því minna af gróðurhúsalofttegundum en sambærilegar bensínbifreiðar.
- Díselknúnar bifreiðar menga minna af kolsýring og léttum rokgjörnum vetniskolefnum vegna fullkomnari brennslu á eldsneytinu.
- Díselknúnar bifreiðar menga hinsvegar meira af köfnunarefnisoxíðum, þungum vetniskolefnum og rykögnum (sót) sem geta innihaldið margvísleg skaðleg mengunarefni.

Núverandi kerfi þungaskatts og kílómetragjalds byggir ekki á eyðslu farartækja og stuðlar því að mati Umhverfisstofnunar ekki að auknum hluta sparneytnari díselbifreiða þar sem hlutfallslega minni kostnaðarauki er fyrir bíleiganda af eyðsluaukningu díselbifreiða en þegar um bensínknúnar bifreiðar er að ræða. Umhverfisstofnun telur meiri umhverfishagræði að því að gjöld á bifreiðar endurspeglí eyðslu þeirra – og þar með mengun. Stofnunin mælir með því að stuðlað verði að notkun sparneytnari bifreiða og telur að breyting frá núverandi kerfi þungaskatts yfir í olúgjald sé jákvætt skref á þeirri braut.

Mikilvægt er að hvetja til þess hver bifreið sé rekin á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til eldsneytisnotkunar. Í þessu samhengi má nefna að bæði bensín- og díselknúnar bifvélar verða sífellt fullkomnari og því dregur úr muninum á losun mengandi efna milli vélartegunda og dregið hefur úr losun skaðlegustu mengunarefna. Þar sem díselbifreiðar eyða minna eldsneyti er þó heildarhagur af þeim þar sem mengun verður minni per ekinn kílómeter.


Samkvæmt frumvarpinu er ekki áætlað að olía á skip beri olúgjald. Umhverfisstofnun bendir á að á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fer nú fram sívaxandi umræða um loftmengun frá skipum, þ.m.t. losun gróðurhúsalofttegunda. Stofnunin bendir á að sjávarútvegur er næst mesta losunaruppspretta gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi. Stofnunin leggur ekki hér til að olúgjald verði lagt á skipaolíu en bendir á gildi þess að þegar verði hafist handa við að huga að leiðum og hvatningu til þess að draga úr losun mengandi lofttegunda efna frá skipum.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagt frumvarp.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilson  
forstjóri



Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður